

Samkvæmt [10. grein laga BÍS](#) þurfa skátafélögin að standa skil á vissum gögnum til BÍS fyrir skátaping ár hvert. Hér er yfirlit yfir þau gögn sem félög með A og B aðild að BÍS eiga að skila.

ÁRSKÝRSLA

Ár hvert er rituð ársskýrsla fyrir skátafélagið sem er síðan afhent BÍS. Ársskýrslan er söguleg heimild um starf félagsins ár hvert og því mikilvægt að vanda til verka. Í ársskýrslu er gott að nefna eftirfarandi hluti og eru félögin hvött til þess að myndskreyta ársskýrsluna með myndum úr viðburðunum sem minnst er á í skýrslunni og öðru starfi félagsins.

- **Ávarp félagsforingja** – Stuttur inngangur frá félagsforingja um starfsemi félagsins á tímabilinu eða hugvekja um skátastarf.
- **Forystufólk félagsins** – Yfirlit yfir stjórnarmeðlimi og hlutverk þeirra.
- **Sveitarstarf félagsins** – Yfirlit yfir starfandi sveitir félagsins, foringja þeirra, aðstoðarforingja, stutt samantekt, tvær til þrjár málsgreinar, yfir það sem sveitin tók sér fyrir á starfsárinu.
- **Ráð og nefndir** – Gott að minnst á hver eru að sinna öðrum störfum fyrir félagið s.s. skálanefnd, birgðanefnd, skemmtinefnd, bakland, 17. júní nefnd og fleira.
- **Nefndarstörf eða vinnuhópastörf félaga utan félags** – eru einhverjir meðlimir félagsins í öðrum störfum innan skátahreyfingarinnar t.d. í mótstjórnnum, í stjórn BÍS, í vinnuhópum BÍS, ráðum BÍS eða annað.
- **Þátttökutölur** – Greinagott yfirlit yfir fjölda skáta eftir aldursbili og kyni. Jafnvel væri gott að hafa samanburð fjölda þátttakenda yfir síðustu ár.
- **Viðburðir** – Kafli um helstu viðburði sem félagið tók þátt í. Hægt er að skipta þessum kafla í tvennt, annars vegar viðburðir innan félagsins eins og sveitarútilegur, dagsferðir, félagsútilegur, jólafundur eða afmæli. Svo hins vegar viðburðir sem félagið tók þátt í sem voru skipulagðir utan félagsins eins og af BÍS eða öðrum skátafélögum, erlendir skátaviðburðir, hverfahátíðir eða viðburðir á vegum annara félagasamtaka.
- **Námskeið og fræðsla** – Yfirlit yfir hvaða námskeið og fræðslu skátar í félaginu sóttu á tímabilinu, bæði á vegum BÍS og annarra samtaka. Sem dæmi, foringjaþjálfun (sveitarforingjanámskeið BÍS, neisti...), skyndihjálparnámskeið og verndum þau námskeið.
- **Aðrar vörður í starfinu** – Voru veitt heiðursmerki til félagsmeðlima. Var samfélagsverkefni sem gekk vel. Hélt félagið upp sumarstarfi, smíðaskóla, útilífsskóla eða annað.
- **Rekstur og aðstaða** – Hvert er árgjaldið, hvernig er aðstaðan í skátaheimilinu, á skátafélagið einhverjar eignir eins og skátaskála. Voru viðhaldsverkefni tengd eignum á

árinu. Hér undir er hægt að hafa ársreikningana og rekstraráætlun fyrir næsta starfsár.

- **Starfsáætlun fyrir næsta starfsár** - Eru einhverjir viðburðir sem félagið tekur þátt í ár hvert og eru einhverjir nýir viðburðir sem félagið mun taka þátt í.
- **Félagatal** - hægt er að hafa félagatal í lokin sem inniheldur einungis nöfn skátanna í félaginu eftir sveitum. Þetta eru sögulegar heimildir sem gott er að hafa skrá yfir.

AFRIT AF LÖGUM FÉLAGSINS

Gildandi lög félagsins að loknum aðalfundi, aðlöguð að þeim breytum sem kunna að hafa orðið á nýyfirastaðnum aðalfundi ber að senda til BÍS. Félög eru hvött til að renna yfir lög sín og bera saman við kröfur [9. greinar laga BÍS](#) um ákvæði sem skulu vera í lögum hvers skátafélags og við kröfur í [5. grein laga nr. 110/2021 um félög til almannaheilla](#). Vanti ákvæði í lög eru stjórnir hvattar að undirbúa breytingar á lögum sínum fyrir næsta aðalfund.

STARFSÁÆTLUN NÆSTA STARFSÁRS

VIÐBURÐIR OG VERKEFNI NÆSTA STARFSÁRS

Starfsáætlun er mikilvægt verkfæri til þess að setja stefnu í starfi fyrir næsta ár. Þannig geta skátar, foringjar, stjórn og forráðafólk í félaginu öll gengið að sömu upplýsingum um hvað sé á ætlun í starfinu næsta árið. Gott er að festa starfsáætlunina í ársskýrslu svo hún sé aðgengileg sem flestum, hægt er að hafa hana sem viðauka. Félög eru hvött til að auglýsa starfsáætlun.

ÁRSREIKNINGAR SÍÐASTA STARFSÁRS

Sendu skal ársreikninga síðasta starfsárs til BÍS. Hægt er að hafa þá inn í ársskýrslunni sem viðauka.



UPPLÝSINGAR UM STJÓRNARMEÐLIMI

Senda skal BÍS yfirlit yfir stjórnarmeðlimi félagsins, þær upplýsingar skulu innihalda:

1. Fullt nafn
2. Kennitölu
3. Netfang
4. Hlutverk í stjórn

Félögin geta líka sent BÍS staðfestingu á að búið sé að uppfæra stjórnendahópinn inn á Abler skráningarsíðu félagsins með réttum upplýsingum. Tengiliður félagsins getur þá sótt upplýsingarnar um stjórnarmeðlimina þar.

Til þess að bæta hlutverkunum við stjórnarhópinn er farið inn í þjálfaraviðmótið í [sjálfboðaliðasviðið](#) þar er hægt að finna [stjórn](#) félagsins. Þegar búið er að velja stjórnina er ýtt á litlu örina við hliðina á valmöguleikanum [hópar](#), þá er ýtt á „stofna hóp“. Búið til hópa fyrir hvert hlutverk og bætið stjórnarmeðlimum í réttan hóp.

FÉLAGATAL

Skátafélög sem halda utan um félagatal í Abler þurfa ekki að skila sérstaklega inn félagatali s.s. í formi excel skjals. Félagatal þeirra félaga er alltaf í skilum enda hefur Skátamiðstöðin beinan aðgang að því. Einungis þarf að yfirfara Abler og staðfesta við Skátamiðstöðina að skráning sé rétt.

Félög sem ekki halda utan um félagatal sitt í Abler þurfa að senda inn nafnalista sinna félaga ásamt kennitölum og netföngum sem hægt er að ná á viðkomandi í gegnum sé það þeirra eigið eða forráðafólks.

SAKAVOTTORÐSHEIMILDIR

Öllum starfandi skátum innan skátafélaga 18 ára og eldri ber að skila inn heimild til BÍS til öflunar upplýsinga úr Sakaskrá ríkisins.

Eftir að einstaklingur hefur undirritað heimildina er hún endurnýtanleg svo lengi sem einstaklingurinn er í samfelldu starfi fyrir félagið. Því skulu félögin geyma heimildirnar í möppu á skrifstofu félagsins eða í rafrænni möppu.



Á hverju ári áður en afrit af heimildunum eru send til BÍS skal yfirfara möppuna og fjarlægja þau sem hafa farið í hlé frá ábyrgðarstöðum innan félagsins og bæta við þeim sem bæst hafa í hóp 18 ára og eldri.

Til að senda afrit er nóg að taka ljósmynd af hverri heimild, Skátamiðstöðin mælir einnig með adobe scan snjallforritinu fyrir snjallsíma.

Vakin er athygli á því að einnig er ætlast til þess að sjálfbóðaliðar sem koma og aðstoða á viðburðum eins og skátamótum eða útilegum eiga einnig að skrifa undir sakavottorðsheimild.

